

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 189/2017****2019/EES/52/40****frá 22. september 2017****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1214 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna handuppþvottaefna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1215 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna þvottaefna fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1216 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna þvottaefna fyrir uppþvottavélar ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1217 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna hreingeringavara fyrir hörd yfirborð ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1218 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna þvottaefna ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1219 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna þvottaefna til notkunar í iðnaði og á stofnunum ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun (ESB) 2017/1214 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB ⁽⁷⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana brott úr samningnum.
- 8) Ákvörðun (ESB) 2017/1215 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/720/ESB ⁽⁸⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana brott úr samningnum.
- 9) Ákvörðun (ESB) 2017/1216 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB ⁽⁹⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana brott úr samningnum.
- 10) Ákvörðun (ESB) 2017/1217 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/383/ESB ⁽¹⁰⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana brott úr samningnum.
- 11) Ákvörðun (ESB) 2017/1218 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB ⁽¹¹⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana brott úr samningnum.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 180, 12.7. 2017, bls. 1.⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 180, 12.7. 2017, bls. 16.⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 180, 12.7. 2017, bls. 31.⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 180, 12.7. 2017, bls. 45.⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 180, 12.7. 2017, bls. 63.⁽⁶⁾ Stjtuð. ESB L 180, 12.7. 2017, bls. 79.⁽⁷⁾ Stjtuð. ESB L 169, 29.6. 2011, bls. 40.⁽⁸⁾ Stjtuð. ESB L 326, 24.11. 2012, bls. 25.⁽⁹⁾ Stjtuð. ESB L 111, 30.4. 2011, bls. 22.⁽¹⁰⁾ Stjtuð. ESB L 169, 29.6. 2011, bls. 52.⁽¹¹⁾ Stjtuð. ESB L 111, 30.4. 2011, bls. 34.

- 12) Ákvörðun (ESB) 2017/1219 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/721/ESB ⁽¹²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana brott úr samningnum.
- 13) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Viðauka IV. við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 2e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB):

„**32017 D 1218:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1218 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna þvottaefna (Stjtið. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 63).“

2. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 2h (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB):

„**32017 D 1216:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1216 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna þvottaefna fyrir uppþvottavélar (Stjtið. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 31).“

3. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 2r (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB):

„**32017 D 1214:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1214 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna handuppþvottaefna (Stjtið. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 1).“

4. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 2t (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/383/ESB):

„**32017 D 1217:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1217 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna hreingeringavara fyrir hörð yfirborð (Stjtið. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 45).“

5. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 2zg (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/720/ESB):

„**32017 D 1215:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1215 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna þvottaefna fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum (Stjtið. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 16).“

6. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 2zh (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/721/ESB):

„**32017 D 1219:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1219 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna þvottaefna til notkunar í iðnaði og á stofnunum (Stjtið. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 79).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2017/1214, (ESB) 2017/1215, (ESB) 2017/1216, (ESB) 2017/1217, (ESB) 2017/1218 og (ESB) 2017/1219, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 38.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.